

# Skólaráð

5. fundur, 6.apríl 2021 kl. 14:00

Mættir: *Sigrún Bjarnadóttir, Bergrún Grímsdóttir, Margrét Ludwig, Július Þór Sigurjónsson,, Hrafnhildur Einarsdóttir, Ágústa M. Jónsdóttir Svanhildur Ástþórssdóttir, Ingibert Snær Erlingssonog Elísabet Stefánsdóttir, fjarverandi.*  
*Einar Birgir Steinþórsson ritari*

## 1. Staðan í dag

Sigrún fer yfir stöðuna í skólastarfinu varðandi opnunina eftir páskanum eftir covid-lokunina fyrir páskanum. Breytingarnar á sóttvarnarreglum snúa fyrst og fremst að starfsmönnum. Aftur 2 m regla og grímuskylda. Breytingar varðandi skólasundið þannig að vikum er skipt milli skólanna, ekkert sund í Álfhólsskóla þessa viku en Álfhólsskóli og Kárnesskóli saman í næstu viku.

## 2. Starfsreglur sérdeilda

Hver skóli þarf að setja sér skýrar starfsreglur varðandi starfsemi sérdeildarinnar, í raun verið að kveða skýrar á um þá þætti sem þegar eru til staðar. Ákvæði um námsumhverfi, einstaklingsnámskrá, sérstakur kafli um nemendur og foreldra, réttindi og skyldur.

## 3. Reglur um innritun og útskrift í einhverfudeildum.

Sigrún fer yfir nýjar reglur varðandi inntöku í deildirnar. Breytingin snýr að skýrari viðmiðum um hverjir eigi rétt á námi í sérdeild. Stofnað sérstakt fagráð innan skólans sem metur umsóknir. Viðmiðunarreglurnar verða settar undir skjöl í fundagerðarmöppu skólaráðs og verða birtar á vef skólans þegar þær eru samþykktar af öllum sem um þær eiga að fjalla inna Kópavogs

Einnig er í reglunum ákvæði varðandi hvaða ferli fer í gang ef barn er útskrifað úr deildinni inn í almennan bekk.

Einnig ákvæði varðandi útskrift eftir grunnskólann sem og ef barn flyst milli sveitarfélaga. Skólastjóri telur þessar nýju reglur mikla bót.

Július fagnar þessum nýju reglum sem skýra ferlið fyrir alla.

Skólaráðið gerir ekki athugasemd við þessar nýju reglur og telja þær til bóta.

## 4. Önnur mál

Magrét spyr um myglumálin. Sigrún á von á nánari upplýsingu frá Eflu og Kópavogsbæ um niðurstöðuna.

Framundan er að taka sýni um allan skólann.

Magrét flytur þakkir frá foreldrum varðandi hversu skorinort skólinn tók á málunum þegar myglan kom í ljós.

## 5. Fundi sliktið kl. 14:45.